


Ákvörðun Hugverkastofunnar
í ógildingarmáli
nr. 2/2024
4. nóvember 2024




Þann 20. október 2021 lagði Helicopter slf. inn umsókn um skráningu vörumerkisins  (orð- og myndmerki) nr. V0123296.¹ Sótt var um skráningu fyrir vörur í flokkum nr. 24 og 25. Merkið var birt í Hugverkatíðindum þann 15. maí 2022 og skráð þann 15. júlí 2022.

Umboðsmaður Helicopter slf. er skráð Helga Lilja Magnúsdóttir.

Með erindi, dags. 12. apríl 2023, barst krafa frá BBA Fjeldco f.h. Stephan Stephensen um að skráning merkisins yrði ógilt á grundvelli 1. mgr. 28. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki (vml.), sbr. 5. tl. 14. gr. sömu laga. Krafan



byggði á því að beiðandi væri eigandi höfundaréttar að listræna verkinu sem felst í vörumerkinu  sbr. 1. mgr. 2. gr. höfundalaga nr. 73/1972 (höfl.).

Meðan á meðferð málsins stóð lögðu málsaðilar inn tvö erindi hvor. Með erindi Hugverkastofunnar þann 18. janúar 2024 var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að ákvarðað yrði í málinu á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.²

Niðurstaða

Samkvæmt 28. gr. vml. er unnt að ógilda skráningu, í heild eða hluta, með dómi eða ákvörðun Hugverkastofunnar hafi vörumerki, félagamerki eða ábyrgðar- og gæðamerki verið skráð andstætt ákvæðum laganna. Slík krafa skal vera skrifleg og rökstudd og henni fylgja tilskilið gjald, sbr. 1. mgr. 28. gr. d. vml. og uppfylla þær kröfur sem koma fram í reglugerð um umsóknir og skráningu vörumerkja, félagamerkja og ábyrgðar- og gæðamerkja nr. 850/2020 (rgl.).

Í athugasemdum við ákvæði 28. gr. í frumvarpi til laga nr. 45/1997 kemur fram að aðeins sé unnt að ógilda skráningar sem eru andstæðar efnisreglum laganna. Þótt 28. gr. vml. hafi tekið breytingum, bæði með 8. gr. laga nr. 44/2012 og 20. gr. laga nr. 71/2020, hefur ekki orðið breyting á því. Umræddar breytingar fólu fyrst og fremst í sér nánari útfærslu til einföldunar á málsmeðferð eða útfærslu til samræmis við vörumerkjatilskipun ESB nr. 2015/2436.³

¹ Textinn í merkinu er: BIÐ AÐ HEILSA NIÐRÍ SLIPP.

² Greinargerðir málsaðila fylgja ákvörðun við birtingu á www.hugverk.is. Sé um að ræða fylgiskjöl með greinargerðum málsaðila er unnt að fá aðgang að þeim í samræmi við upplýsingalög nr. 140/2012.

³ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2436 frá 16. desember 2015 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vörumerki. Með breytingu á III. kafla var þeirri málsmeðferð sem áður nefndist einu nafni stjórnsýsluleg niðurfelling, skipt upp í mál vegna ógildingar annars vegar og niðurfellingar hins vegar. Ólíkur lagagrundvöllur liggur að baki hvorri leið fyrir sig, sem og mismunandi réttaráhrif verði krafa tekin til greina.



Í ákvæði 5. tl. 14. gr. vml. er tekið fram að merki skuli ekki skrá í vörumerkjaskrá, nema með samþykki rétthafa, ef merki gefur til kynna eða má skilja sem sérkennilegan titil á vernduðu bókmenntalegu verki eða listrænu verki eða ef gengið er á höfundarétt annars manns á slíku verki eða annan hugverkarétt. Í skýringum við ákvæðið í frumvarpi til laga nr. 45/1997 kemur fram að við mat á því hvað teljist bókmenntalegt eða listrænt verk verði að miða við 1. gr. höfl. Þá er það forsenda fyrir beitingu ákvæðisins að höfundaréttur sé enn í gildi.

Merkið sem um ræðir fellur að mati Hugverkastofunnar undir það að teljast listrænt verk í skilningi 1. gr. höfl. Óumdeilt er í málinu að Ámundi Sigurðsson hafi hannað umrætt merki en báðir málsaðilar leggja fram upplýsingar í málinu sem staðfesta það, þ. á m. afrit af tölvupóstsamskiptum frá árinu 2013, þar sem beiðandi óskar eftir því við Ámunda að hann hanni merki fyrir eiganda til notkunar á fatnað sem hún framleiði. Ekki kemur þó fram hvers konar merki var hannað í kjölfar þeirra samskipta en af greinargerðum málsaðila er ljóst að um



hafi verið að ræða merkið sem ágreiningur í máli þessu lýtur að. Höfundaréttur á verkinu telst enn vera í gildi, sbr. 43. gr. höfl.

Fram kemur í greinargerð eiganda að hún hafi frá árinu 2014 notað merkið á fatnað sem hún hanni og framleiði. Merkið hafi verið hannað fyrir fyrirtæki hennar, Helicopter slf., án allra samninga en höfundur hafi hins vegar fengið greitt fyrir með fatnaði frá merkinu. Beiðandi telur aftur á móti ósannað að höfundaréttur hafi á þeim tíma sem merkið var hannað fyrir eiganda færst yfir til hennar. Langsótt sé að vísa í póst þar sem óskað hafi verið eftir hönnun á merki, ljóst hafi verið að um samstarf hafi verið að ræða og hafi höfundaréttur átt að haldast hjá höfundi. Þeim fullyrðingum var ekki mótmælt af hálfu eiganda.

Ef litið er til ákvæða höfundalaga er ljóst af ákvæði 27. gr. laganna að framsal á höfundarétti er heimilt með þeim takmörkunum sem kveðið er á um í 4. gr. höfl.⁴ Í 2. mgr. 27. gr. höfl. segir enn fremur: *Nú er eintak af verki afhent til eignar, og felst þá ekki í þeim gerningi framsal á höfundarétti að verkinu, nema þess sé getið sérstaklega.* Í þeim úrskurðum OHIM (nú Hugverkastofa Evrópusambandsins, EUIPO) í málum nr. 3555 C og 3556 C, sem vísað er til af hálfu beiðanda kemur m.a. fram að framsal á höfundarétti sé ekki gilt nema það sé undirritað af eða fyrir hönd framseljanda. Óumdeilt var í því máli, eins og hér, hver teldist vera höfundur þess merkis sem um var deilt og þar sem engin sönnun lá fyrir í málinu um framsal höfundarins á merkinu var talið að höfundaréttur væri hjá höfundinum en ekki eiganda þess vörumerkis sem um var deilt í málinu.⁵ Dómur Landsréttar í máli nr. 266/2020 frá 12. nóvember 2021, styður enn fremur þá nálgun en þar segir að óskýr vafaatriði í tengslum við gerð samninga um framsal höfundaréttar beri almennt að meta þeim í hag sem framselur slík réttindi.⁶ Í því máli var deilt um það hvort höfundaréttur til myndverka hefði verið framseldur og með hliðsjón af framlögðum gögnum í málinu var svo talið vera „að einhverju marki“.⁷ Þar sem engin gögn hafa verið lögð fram í máli þessu um framsal á höfundarétti til merkisins, hvorki við afhendingu á því til eiganda eða síðar verður eigandi að bera hallann af sönnunarskorti þar um.

Meðal gagna málsins er sem fyrr segir framsalssamningur, sem lagður er fram af hálfu beiðanda því til stuðnings að höfundur hafi haldið höfundarétti að merkinu þrátt fyrir afhendingu á því til eiganda árið 2014. Samningur þessi er dagsettur 27. júní 2022 eða um níu mánuðum eftir að eigandi lagði fram umsókn um skráningu

⁴ Í 3. mgr. 4. gr. höfl. kemur fram að afsal höfundar á höfundarheiðri eða höfundarsérkenni (sæmdarréttur) sé ógilt.

⁵ Ákvörðun OHIM (nú EUIPO) í ógildingarmáli frá 15. nóvember 2012 nr. 3555 C, Deepend Fresh Recovery Limited gegn Fresh Trading Limited, bls. 7. Nánar segir: *As regards the ownership of the copyright, it is undisputed that the Work was created in 1999 by Mr Streek, then an employee of Deepend. Without any agreement to the contrary, the first ownership of the copyright therefore belongs to Deepend. The question is then, whether or not this copyright was properly assigned to the CTM proprietor. [...] as the applicant denies any transfer of the Work, and the proprietor has not been able to submit any document proving the opposite, it must be concluded that the legal right to the copyright remained with Deepend at the time of creation of the Work. Consequently, at the time of these proceedings, the applicant is the legal owner of the Work.*

⁶ Dómur Landsréttar í máli nr. 266/2020, frá 12. nóvember 2021, 46. mgr. dómsins.

⁷ Sjá 51. mgr. dómsins.




merkisins og um níu árum eftir að höfundur verksins fékk áður nefnda beiðni um að hanna merki fyrir eiganda til notkunar sem vörumerki fyrir fatalínu. Eigandi efast um lögmæti þessa samnings í ljósi þess að merkið hafi verið hannað fyrir hana og verið í hennar notkun frá árinu 2014.


Hugverkastofan fer m.a. með málefni varðandi einkaleyfi, vörumerki, hönnunarvernd og skyld réttindi sem kveðið er á um í lögum, reglugerðum og alþjóðasamningum um vernd eignaréttinda á sviði iðnaðar.⁸ Það er því ekki á færi Hugverkastofunnar að meta hvort samningur um framsal á höfundarétti sé lögmætur eða hvort honum verði á grundvelli 36. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga (sml.) vikið til hliðar ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Slíkan ágreiningur þarf, eins og fram kemur í skýringum við ákvæði 6. gr. í frumvarpi til laga nr. 11/1986, sem breytti ákvæði 36. gr. sml., að bera undir dómstóla. Sama gildir um mat á því hvort höfundaréttur getur talist hafa framselst til eiganda að einhverju leyti, til að mynda á grundvelli eðlis verksins og vitneskju höfundar um fyrirhugaða notkun þess.

Með hliðsjón af því að gögn skortir því til sönnunar að höfundaréttur að verkinu, sem myndar það merki sem um er deilt í máli þessu, hafi sannanlega verið framseldur eiganda, verður að framangreindu virtu talið að höfundaréttur til verksins hafi haldist hjá hönnuði, Ámunda Sigurðssyni. Þá er ljóst að eigandi hefur ekki lagt fram samþykki umrædds höfundar fyrir skráningu merkisins líkt og áskilið er í 14. gr. vml. þegar um er að ræða annan rétthafa en umsækjanda.

Samantekt

Með hliðsjón af framangreindu er það mat Hugverkastofunnar að merkið  nr. V0123296, hafi ekki verið skráð í samræmi við ákvæði 5. tl. 14. gr. vml. Þar sem gögn því til staðfestingar að höfundaréttur til merkisins hafi verið framseldur til eiganda skortir í málinu, hefði samþykki rétthafa þurft að koma til svo merkið fengist skráð.

Ákvörðunarorð

Skráning merkisins  nr. V0123296 skal felld úr gildi frá 20. október 2021.

f.h. Hugverkastofunnar

Margrét Hjálmarsdóttir
Lögfræðingur

Vakin er athygli á því að skv. 1. mgr. 63. gr. laga um vörumerki geta aðilar máls áfrýjað ákvörðun Hugverkastofunnar innan **tveggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar** til áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar. Áfrýjunargjald samkvæmt gildandi reglugerð um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki og hönnun greiðist atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti við áfrýjun. Vinnist mál hjá áfrýjunarnefnd er hluti áfrýjunargjalds endurgreitt.

⁸ Sjá 2. gr. reglugerðar nr. 188/1991 um Einkaleyfastofu en með lögum nr. 32/2019 var heiti stofnunarinnar breytt í Hugverkastofan.

Hugverkastofan
Engjateigur 3
105 Reykjavík

Sent með tölvupósti á netfangið:
hugverk@hugverk.is

Reykjavík, 11. apríl 2023

EFNI: KRAFA UM ÓGILDINGU SKRÁNINGAR VÖRUMERKIS

Undirrituðum lögmanni hjá BBA Fjeldco ehf. hefur verið falið að gæta hagsmuna Stephans Stephensen, Seljavegi 13, 101 Reykjavík („**umbjóðandi minn**“), í tengslum við höfundarrétt hans að listræna verkinu BIÐ AÐ HEILSA NIÐRÍ SLIPP og öðrum réttindamálum í tengslum við BAHNS vörunar.

1 Kröfur

Umbjóðandi minn gerir þá kröfu að skráning vörumerkisins BIÐ AÐ HEILSA NIÐRI SLIPP, V0123296, orð- og myndmerki (hér eftir „**vörumerkið**“), verði ógilt og að skráning vörumerkisins verði afmáð úr vörumerkjaskrá.

2 Málavextir

Umbjóðandi minn er eigandi höfundaréttar að listræna verkinu BIÐ AÐ HEILSA NIÐRÍ SLIPP (sjá fylgiskjal 1). Hinn 22. júlí 2022 fékk Helicopter slf. vörumerkið skráð, en andlag vörumerkisins er listræna verkið í heild sinni, sem umbjóðandi minn er rétthafi að.

Verkið var upphaflega hannað af Ámunda Sigurðssyni teiknara, en umbjóðandi minn fól Ámunda að hanna verkið eftir sinni forskrift. Ekki var gerður skriflegur samningur um eignarrétt eða hagnýtingu verksins. Þannig var Ámundi Sigurðsson eigandi verksins, höfundaréttar og allra annarra hugverkaréttinda í því þar til Ámundi framseldi verkið, höfundarétt og öll önnur hugverkaréttindi í verkinu til umbjóðanda míns með samningi, dags. 27. júní 2022 (fylgiskjal 2). Með framsalinu eignaðist umbjóðandi minn öll réttindi yfir verkinu, þ.m.t. einkarétt til allrar hagnýtingar, s.s. eintakagerðar og birtingar verksins.

Með kröfubréfi, dags. 27. febrúar 2023, til Helicopter slf., áréttaði umbjóðandi minn eignarrétt sinn yfir verkinu og að notkun verksins af hálfu Helicopter slf. og skráning vörumerkisins bryti í bága við einkarétt umbjóðanda míns að verkinu, sbr. 1. mgr. 2. gr. höfundalaga nr. 73/1972 og 5. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga um vörumerki nr. 45/1997. Í bréfinu gerði umbjóðandi minn jafnframt eftirfarandi kröfur á hendur Helicopter slf.:

- Að Helicopter slf. hætti alfarið allri notkun vörumerkisins BIÐ AÐ HEILSA NIÐRI SLIPP, V0123296, (orð- og myndmerki) í heild eða hluta.

- b) Að Helicopter slf. afmái skráningu vörumerkisins úr vörumerkjaskrá innan 10 daga frá móttöku bréfsins.
- c) Að Helicopter slf. að öllu öðru leyti hætti tafarlaust allri notkun og eintakagerð á verkinu, í heild eða hluta.

Með bréfi, dags. 1. mars 2023, hafnaði Helicopter slf. öllum kröfum umbjóðanda míns.

3 Málástæður

Umbjóðandi minn fer með eignarrétt, þ.m.t. höfundarétt, að listræna verkinu BIÐ AÐ HEILSA NIÐRÍ SLIPP, samkvæmt framsalssamningi, dags. 27. júní 2022. Umbjóðandi minn byggir á því að skráning vörumerkisins hafi farið í bága við höfundarétt sinn, sbr. 1. mgr. 2. gr. höfundalaga og því hafi ekki verið heimilt að skrá vörumerkið, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga um vörumerki.

Samkvæmt 5. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga um vörumerki, skal ekki skrá vörumerki í vörumerkjaskrá, nema með samþykki réttthafa, ef gengið er á höfundarrétt annars manns á slíku verki eða annan hugverkarétt.

Í 1. mgr. 28. gr. vörumerkjalaga kemur fram að hafi vörumerki verið skráð andstætt ákvæðum laganna sé unnt að ógilda skráninguna í heild, eða hluta, með dómi eða ákvörðun Hugverkstofu.

Í athugasemdum 14. gr. frumvarps þess er varð að lögum um vörumerki kemur fram að við skilgreiningu á því hvað teljist bókmenntalegt eða listrænt verk sé rétt að miða við ákvæði 1. gr. höfundalaga. Þá kemur sömuleiðis fram að við mat á því hvort um brot sé að ræða verði að leggja til grundvallar reglur höfundaréttar.

Samkvæmt 1. gr. höfundalaga á höfundur að listaverki eignarrétt á því með þeim takmörkunum sem greinir í lögnum. Samkvæmt 2. gr. laganna felst í rétti höfundar m.a. einkaréttur til að gera eintök af verki sínu og til að gera það aðgengilegt almenningi í upphaflegri eða breyttri mynd.

Samkvæmt framangreindu er samþykki höfundaréttarhafa forsenda fyrir því að vörumerki sem annar á höfundarétt yfir verði skráð í vörumerkjaskrá.

Með skráningu vörumerkisins af hálfu Helicopter slf. felst bæði óheimil eintakagerð og birting til almennings í trássi við einkarétt höfundar. Til hliðsjónar er í þessu sambandi vísað til ákvarðana OHIM frá 15. nóvember 2012 í málum nr. 3555 C og 3556 C (*Deepend Fresh Recovery Limited v. Fresh Trading Limited*). Við skráninguna var ekki fyrir að fara heimild Helicopter slf. til skráningu vörumerkisins frá réttthafa þess.

Samkvæmt öllu framangreindu telur umbjóðandi minn ljóst að skráning vörumerkisins hafi brotið gegn 5. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga um vörumerki og því geti hann gert kröfu um að skráningin verði ógild, sbr. 1. mgr. 28. gr. sömu laga.

Umbjóðandi minn áskilur sér allan rétt til þess að koma frekari sjónarmiðum og röksemdum á framfæri við Hugverkastofuna, auk þess að færa fram nýjar kröfur og málsástæður.

Virðingarfyllt,


Stefán Björn Stefánsson lögmaður

Fylgiskjöl:

1. Afrit af framsalssamningi milli Ámunda Sigurðssonar og Stephans Stephensen, dags. 27. júní 2022, ásamt viðauka.

Efni

Vegna máls V0123296

Upplýsingar

Vinnsla

Móttekið dags.	20.6.2023 14:28:19	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Málalykill	4.9 Ógilding		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Helga Lilja Magnúsdóttir [REDACTED]
Til	hugverk@hugverk.is

Innihald

Góðan daginn.

Varðandi beiðni Stephan Stephensens um ógildingu skráningu myndmerkis BAHNS.

Eins og fram kemur í svarbréfi lögfræðings míns dagsett 28.02.2023 (ranglega dagsett 2022) hannaði Ámundi Sigurðsson myndmerkið sem ég hef notað frá árinu 2014. Í upphafi var enginn samningur gerður og fékk hönnuður greitt í fatnaði frá merkinu.

Dagsetning samnings Ámunda og Stephans er 27.06.2022 - samningur

Þessi getur ekki verið löglegur þar sem merkið hafði þá þegar verið í minni notkun frá 2014. Merkið er á hangtöggum alls fatnaðar sem seldur er í verslun í minni eigu, hönnuðum og greiddum af fyrirtækinu mínu, Helicopter slf, og hefur verið frá upphafi. Spurning mín er, hversu lögmæltur er þessi samningur þar sem þetta merki var hannað fyrir mitt fyrirtæki, fyrir um 10 árum, án allra samninga.

Þetta hefur verið langt og strangt ferli og satt best að segja [REDACTED] af hálfu Stephans.

Ef þetta er flókið yfirferðar (sem þetta er) þá þætti mér mjög gott að koma og fara yfir þetta með ykkur.

Mér þætti vænt um að þið skoðuð þetta mál ítarlega.
Bestu kveðjur
Helga

ps. Hér í viðhengi hef ég sett emalið þar sem Stephan biður Ámunda um að hanna merkið fyrir Helicopter og svarbréf lögfræðings mín við þessum nýja samningi á milli Stephans og Ámunda, eftir svar hennar hefur ekkert í þeim heyrst.

EN

verkefni eru 2:

2 // hönnunarmars:

hugmynd með [REDACTED] hun rekur fatafyrirtækið Helicopter. lítið og flott og var beðin um að koma fyrir hönnunarmars og spurði mig um samstarf og saman langar okkur að gera:

HELICOPTER YACHTING

siglingaföt fyrir töffara með klassískan stíl. svona eina og þú :)

okkur vantar logo fyrir það... til að hafa á flikunum (paul&shark stæl)



Efni

Re: Beiðni um að skráning merkisins BIÐ AÐ HEILSA NIÐRI SLIPP (orð- og myndmerki) nr. V0123296, eigandi: Helicopter sif. verði ógild

Upplýsingar

Vinnsla

Móttekið dags.	12.9.2023 13:33:19	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Málalykill	4.9 Ógilding		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Helga Lilja Magnúsdóttir [REDACTED]
Til	sif.steingrimsdottir@hugverk.is

Innihald

Sæl Sif,

Hér kemur smá klausa sem hefur að gera með logoið og byrjun þess.
Svo eru svarbréf lögfræðings míns.

Þetta er mjög langt mál en ég skrifaði bara það sem skipti máli fyrir þetta mál.

Ef meiri upplýsinga er óskast vinsamlega hafið samband varðandi það.

Kveðja
Helga

Hugverkastofan
Engjateigur 3
105 Reykjavík

Sent með tölvupósti á netfangið:

hugverk@hugverk.is

Reykjavík, 13. nóvember 2023

EFNI: KRAFA UM ÓGILDINGU SKRÁNINGAR VÖRUMERKIS – ATHUGASEMDIR BEIÐANDA

Undirrituðum lögmanni hjá BBA Fjeldco ehf. hefur verið falið að gæta hagsmuna Stephans Stephensen, Seljavegi 13, 101 Reykjavík („umbjóðandi minn“), í tengslum við höfundarrétt hans að listræna verkinu BIÐ AÐ HEILSA NIÐRÍ SLIPP og öðrum réttindamálum í tengslum við BAHNS vöurnar.

Með bréfi, dags. 11. apríl sl., gerði umbjóðandi minn kröfu um að skráning vörumerkisins BIÐ AÐ HEILSA NIÐRÍ SLIPP, V0123296, orð- og myndmerki (hér eftir „vörumerkið“) yrði ógilt og að skráning vörumerkisins yrði afmáð úr vörumerkjaskrá. Í voru nánar reifaðir málavextir og málsástæður umbjóðanda míns.

Með erindi, dags. 13. september sl., kom skráningarhafi merkisins á framfæri athugasemdum vegna kröfu umbjóðanda míns. Var þar nánar vísað til bréfs lögmanns skráningarhafa frá 30. september 2022 og bréfs frá skráningarhafa þar sem málsástæður voru tilgreindar frekar.

Með bréfi þessu ítrekar umbjóðandi minn þær kröfur, sjónarmið og málsástæður sem komu fram í fyrra erindi, dags. 11. apríl, auk þess að færa fram athugasemdir við þeim málalíbúnaði sem fram kemur af hálfu skráningarhafa með erindi, dags. 13. september sl.

1 Athugasemdir

Í erindi skráningarhafa er á því byggt að umrædd hönnun hafi verið pöntuð og afhent skráningarhafa á þeim forsendum að hönnunin yrði nýtt sem vörumerki. Þar með hafi skráningarhafi fengið framseldar heimildir höfundaréttar til að nýta hönnunina. Því til stuðnings er vísað til tölvupósts frá 7. október 2013, þar sem umbjóðandi minn falast eftir samstarfi við Ámunda Sigurðsson.

Umbjóðandi minn hafnar því alfarið sem röngu og ósönnuðu að höfundaréttur að merkinu hafi færst til skráningarhafa á einhverjum tímapunkti. Sönnunarbyrði um að slíkt framsal hafi átt sér stað liggur hjá skráningarhafa en engin gögn liggja fyrir um að slíkt framsal hafi átt sér stað.

Umbjóðandi minn telur langsótt í meira lagi að leiða megi framsal höfundaréttar frá höfundi merkisins til skráningarhafa af tölvupóstinum frá 7. október 2013, sem sendur var af umbjóðanda mínum til höfundar verksins. Í tölvupóstinum er raunar sérstaklega nefnt að um

samstarf sé að ræða, sem bendir fremur til þess að aðilar hafi frá upphafi litið svo á að höfundaréttur myndi haldast hjá höfundi merkisins enda óljóst í hverju umrætt framsal hafi annars átt að felast.

Þá er ljóst að höfundurinn að merkinu lýtur ekki svo á að höfundarétturinn hafi nokkurn tímann verið framseldur, enda ráðstafaði hann höfundaréttinum sjálfur til umbjóðanda míns með framsalssamningi, dags. 27. júní 2022. Þannig liggja fyrir gögn um ótvíræða afstöðu höfundar verksins til höfundaréttarins. Gefur það sterklega til kynna að ekkert framsal hafi orðið á höfundarétti verksins til skráningarhafa.

Með hliðsjón af öllu framangreindu telur umbjóðandi minn augljóst að ósannað sé með öllu að umræddur höfundaréttur hafi nokkurn tímann verið framseldur til skráningarhafa.

Umbjóðandi minn ítrekar að hann fari með eignarrétt, þ.m.t. höfundarétt, að listræna verkinu BIÐ AÐ HEILSA NIÐRÍ SLIPP, samkvæmt framangreindum framsalssamningi, dags. 27. júní 2022 og því hafi ekki verið heimilt að skrá vörumerkið, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga um vörumerki. Ber því að fallast á kröfu umbjóðanda míns um að skráning merkisins verði ógilt og að skráningin verði afmáð úr vörumerkjaskrá.

Að öðru leyti ítrekar umbjóðandi minn þær kröfur sjónarmið og málsástæður sem fram komu í bréfinu frá 11. apríl sl.

Umbjóðandi minn áskilur sér allan rétt til þess að koma frekari sjónarmiðum og röksemdum á framfæri við Hugverkastofuna, auk þess að færa fram nýjar kröfur og málsástæður.

Virðingarfyllst,



Stefán Björn Stefánsson lögmaður